

Áuglýsing

um staðfesting stjórnaráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvbr. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð

lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

A almannafæri mega upphot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkju, sölubúða, leikhúsa, eða annara samkomuhúsa eða annarstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

2. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum fararkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast framfyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstjettabrún sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gerist, sá biða, sem er til vinstri handar, þeir sem fara um gangstjettir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

3. gr.

Á almannafæri má eigi fljúgast á, æpa, blístra eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, bringja dyrabjöllum, eða yfir höfuð hafast neitt það að, sem ónáðar íbúendur húsa.

5. gr.

A fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik,

paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum, skíðum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemtarnir eða leika, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Á götum eða yfir götur eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkrum öðrum sprengiefnum, og ekki kasta steinum, glerbrotum, snjóköglum, torfi, óhreinindum, vatni, eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara. Nauðsýnlegar sprengingar vegna mannvirkja má að eins gera með sjerstöku samþykki lögregustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sje gætt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, er misbýður velsæmi eða raskar allsherjarreglu.

Einnig er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Þá menn, sem eru ósjálfbjarga sökum drykkjuskapar á götu eða á almannafæri, má setja í varðhald þangað til þeir koma til sjálfs sín aftur. Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri með ljótum söng, hrópum eða illyrðum eða sína af sjer óskunda með höggum og barsmið, má setja í varðhald, ef þeir ekki skipast þegar í stað við munnlega áminningu lögregluvaldsins, og skulu þeir enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir þá röskun á reglu og friði, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða fjörur kaupstaðarlóðarinnar, eða svo nálægt landi, að hneyksli geti valdið, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja, ef það getur hneykslað nokkurn. Enginn má baða sig eða þvo sjer í Hvanneyraránni, vatnsleiðsluþrónni eða þeim uppsprettum og lækjum, er renna í ána eða þróna.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja rjett til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

11 gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafðið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. Kaffi.

Akvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sju lægri en 50 krónur.

13. gr.

An leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið til tekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á allmannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dag-skrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

An leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á húsviðum, í garðshlíðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, nje fara inn í hýbýli hans í söluerindum.

14. gr.

Stjettir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum; eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna nje önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla bluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni; ljái, gaddhrifur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almanna-færi. Byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minstan farartálma. Að flutningum loknum skulu þeir hreinsa vandlega göt-una eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á göt-um lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gang-stjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutnings, og setur sjerstakar regl-ur þar að lútandi.

16. gr.

A götum, gangstjettum eða annarstaðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, t. a. m. höggva eða mylja grjótt, járna

hesta eða því um líkt. Elgi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt eða þvotta til þerris eða þesskonar.

56
15. júní

17. gr.

Vöruskápa, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þessháttar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtaþotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Eigi skal leyfilegt að setja upp sjálsala.

18. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 8 á tímabilinu frá 1. september til 14. maí og ekki seinna en kl. 10 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

19. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins nje raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi veganefundar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sje aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði viðkomið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

21. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur og þeir, sem nota hann,

56 skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta 15. júní kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járn göddum að neðan, ef stíginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

22. gr.

Nú er hús eða hluti úr húsi orðið svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða falli niður, eða það er þannig byggt, að hætt er við að járn fjúki af þaki eða veggjum, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gera þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri gertaðrar ráðstafanir í þessa átt á kostnað hlutaðeiganda. Sama gildir og þegar grjótgörðum, skíðgörðum eða annari girðingu liggur við falli.

23. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru til þess að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

24. gr.

Þegar ís leggur á höfnina, má enginn fara út á ísinn fyr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

25. gr.

Eigi má kasta í höfnina eða fjöruna grjóti, mól, sandi, ösku, dauðum fiski, síld, matarleifum, fiskúrgangi nje öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir nema fyrir utan inu, er hafnarnefnd ákveður.

26. gr.

Síldarnætur má aldrei breiða til þerris yfir götur kaupstaðarins, gangstjettir eða annarstaðar þar sem umferð er mikil. Timbur má ekki liggja laust á lóð bæjarins eða þakjárn eða slíkar vörur, þannig, að þær geti fokið á hús eða götur.

III. Kafli.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

27. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

A almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema stað um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

28. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bita eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

29. gr.

Ríðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

30. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sjerstökkum reglugerðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

31. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða þrik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

32. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo, að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

33. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

56

15. júní

Með vagna og hesta má að eins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana getur lögreglustjóri bannað alla vagnaumferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

35. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

36. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skruðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

37. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstjettinni eða götujaðri, og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau.

38. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

39. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

40. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkragvagna.

IV. kafli.

Um bifreiðar.

41. gr.

Umferð bifreiða og bifhjóla skal eigt leyfið um götur og vegi kaupstaðarins. Þó getur bæjarstjórnin leyft umferð flutningabifreiða.

V. kafli.
Um reiðhjól.

56
15. júní

42. gr.

Þeir sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess, er hjer segir:

- a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báða fætur á stig-sveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götu-horn eða yfir gatnamót.
- c. Á hverjum hjólum skal, þegar dimt er, vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi fram-undan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.
- d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund, og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er, og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur nje á gangstjettina. Skyllt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.
Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.
Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. kafli.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins.

43. gr.

Bannað er að reka hesta ógætilega um götur bæjarins. Fælnir eða slægir hestar mega ekki ganga lausir.

Það er á ábyrgð sauðfjáreigenda, að sauðfjenaður þeirra geri engan usla eða óskunda í bænum, hvorki shemmi fisk eða fari inn á umgirt svæði eða í garða kaupstaðarbúa.

Hið sama gildir um geitfje.

Auk sekta fyrir þetta, sem renna í bæjarsjóð, varða brot gegn þessu skaðabótum fyrir ágang og skemdir.

Nautgripir mega ekki ganga lausir á götum kaupstaðarins, nema þegar þeir eru reknir í haga og úr.

44. gr.

Þeir kaupstaðarbúar, sem eiga sauðfje eða hafa það undir hendi, skulu skyldir að

56 annast samanrekstur á því vor og haust og gera gangnaskil að haustinu eftir fyrimælum 15. júní bæjarstjórnar eða fjallskilastjóra.

45. gr.

Nautgripir, sem færðir eru til bæjarins, skulu ávalt leiddir í bandi nægilega traustu og skulu 2 gæslumenn fylgja hverjum nautgrip. Það er með öllu bannað að binda nautgrip í tagl á hesti.

VII. kafli.

Um hunda.

46. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsti á hundum sínum með áletruðu Sgf. og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisþjóldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsti eða fylgir utanbæjarmanni, er rjettdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan þriggja daga eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Rjettdræpir eru einnig þeir hundar, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli, og skulu eigendur þeirra sæta sektum.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega að viðlagðri sekt.

47. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu, sæti sektum, þótt ekkert tjón hafi hlotist af.

48. gr.

Flækingshunda — en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum kaupstaðarbúa — getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn gefur sig ekki fram innan þriggja sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda.

VIII. kafli.

Um friðun almenningseigna o. fl.

49. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem kirkju, skóla, kirkjugarð, minnisvarða, götuljósker, brunahana, vatnsleiðsluþró, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, trje, blómsturgarða, girðingar og annað þessháttar, má enginn skemma, ekki heldur ata eða saurga, ekki rita, rispa, tjarga, mála, eða teikna á þá.

50. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almnnafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Engin má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjagarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

56
15. júní

51. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

IX. kafli.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

52. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

53. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtánir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

54. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu teknar niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga þær eða gera þær ólæsilegar á neinn hátt.

X. kafli.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtánir.

55. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og óáfengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldinn nákvæm gestaskrá.

56. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um

56 hönd. Eigi er heimilt að láta drukknunum manni í tje neins konar veitingar umfram lífsnauð 15. júní synjar á almennu veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi

57. gr.

Veitingahúsum öllum skal lokað kl. 10 á kvöldin til kl. 7 að morgni, og allir gestir, sem ekki hafa þar næturstað, skulu vera farnir út ekki seinna en kl. 10^{1/2}.

Samt skal fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, heimilt að halda samkvæmi og dansleika eða aðrar skemtanir á veitingahúsum, sem eigi sjeu bundnar við áðurnefndan tíma, ef eigi taka aðrir þátt í því en fjelagsmenn og gestir þeirra.

Ennfremur mega brúðkaup og önnur samsæti eða dansleikar tiltekkinna manna standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

58. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleika eða hlutaveltu eða aðrar skemtisamkomur fyrir borgun án leyfis lögreglustjóra, og skal hann fyrir leyfið greiða 5 til 30 kr., er renna í bæjarsjóð. Þeir, sem fá þetta leyfi, skulu vera skyldir að hlíta þeim ákvörðunum, er lögreglustjóri setur um löggæslu og til að afstýra brunahættu, og greiða þann kostnað, sem af því leiðir.

59. gr.

Enginn má halda opinbera dansleika, myndasýningar eða aðrar opinberar skemtisamkomur nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði í hvert sinn gjald í bæjarsjóð, 5 til 30 kr. eftir ákvæðum hans.

60. gr.

Enginn má halda opinbera samsöngva nema með leyfi lögreglustjóra, og greiði gjald í bæjarsjóð, 5 til 30 kr., nema sungið sje í góðgerðarskyni eða aðgangur sje ókeypis. Skylt skal og, ef þess er krafist, að sýna lögreglustjóra fyrirfram þá texta, er syngja skal eða leika, ef um sjónleika er að ræða.

61. gr.

Þegar opinberar skemtanir, hverskonar sem eru, eða leikir, eru haldnir að kvöldi dags og fram á nótt í húsum, sem enginn býr í, skulu þeir sem standa fyrir slíku, láta tvo meun aðgæta öll eldfæri í húsinu, og skulu þeir fullvissa sig um, að eigi geti eldhætta af neinu stafað.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað að sá, sem leyfi hefir fengið til þess að halda skemtanir ssmkvæmt 58., 59. og 60. gr., noti leyfið á þeirra lóð, svo er og sjerhverjum, er sjúkur er eða sjúkling hefir á heimili sínu, heimilt að fá bannað að almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta geti af því hlotist.

62. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum,

sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmynd- **56**
um og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi. Án leyfis lög- 15. júní
reglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

XI. Kafli.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

63. gr.

A almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nje út af bryggjum eða bólvirkjum nema fyrir utan línu, er hafnarnefnd ákveður.

64. gr.

Hver sá, er ekur grút, blóðvatni, síldarleifum, mykju eða öðrum áburði, eða heyi, þangi, mold eða þesskonar um götur bæjarins, skal skyldur til að hafa góð flát og aka varlega, svo að sem allra minst, helst ekkert, fari niður á göturnar, og hreinsa skal hann vandlega, strax og akstri er lokið, alt það, sem niður kann að hafa farið.

65. gr.

Lifrabræðslu, síldarbræðslu eða spikbræðslu eða verksmiðjuíðnað má ekki setja á stofn á lóð bæjarins nema þar sem heilbrigðisnefndin til vísar.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll, skal standa undir sjerstakri tilsjón heilbrigðisnefndarinnar, og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldugir til að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sje viðhafður og allri hættu afstýrt.

66. gr.

Skepnun má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gert bak við hús, innan grinda eða á lokuðu svæði, þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn þegar slátrað er.

67. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur, grút eða áburði, má alls eigi hafa á almannafæri eða við götur kaupstaðarins, nje heldur neitt það annað, sem óðaun leggur af eða er til óþrifnaðar.

68. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri nema í steinlmdum gryfjum, vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

69. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús hans eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

56 Enginn má fleygja sorpl, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða 15. júní orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns. Undanþágu má heilbrigðisnefnd veita þegar sjerstakar ástæður mæla með því.

70. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið, og skal leiða alt skolp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur, og sjá um, að afrensi í þeim stíflist ekki.

71. gr.

Ekkert hús eða herbergi má vera svo hlaðið fólki, sumar nje vetur, að heilbrigði þess sje hættu búin að áliti heilbrigðisnefndar.

72. gr.

Polla, síki eða tjarnir á leigðum lóðum kaupstaðarins, sem óhollusta stafar af að áliti heilbrigðisnefndar, er lóðarleigjendum skylt að fylla upp og þurka eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar. Ef út af bregður, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað lóðarleigjenda. Kröfum bæjarins útaf slíkum kostnaði fylgir lögtaksrjettur, svo og lögveð í lóðarrjettindum leigjenda, er gangi fyrir öllum kvöðum og veðböndum á lóðinni.

XII. Kafli.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

73. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alla verslunarlóð Siglufjarðarkaupstaðar, eins og hún er ákveðin eða síðar kann að verða ákveðin.

74. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Drengir 14 til 15 ára skulu sæta vandarhöggu, þó ekki fleiri en fimtán, ef þeir gera sig seka í brotum á samþykt þessari eða gera eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru — eða sæta einföldu fangelsi alt að 8 dögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drygir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

75. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnaður við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþyktinnui, greiðist af þeim, sem brýtur, og

má taka þann kostnað lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um það við lögtakið að borga kostnaðinn, greiðist hann úr bæjarsjóði.

56
15. júní

76. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykkt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

77. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglu-mál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

78. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún frá 2. júní 1915.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 15. júní 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Auglýsing

57
15. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveit-artfelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir land jarðanna Hvanneyrar og Hafnar í Siglufirði.

2. gr.

Bæjarfógeti er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni 2 menn, er bæjarstjórnin kýs til 2ja ára.